Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi í Eddu, Arngrímsgötu 5, mánudaginn 3. mars 2025 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson og Guðrún C. Emilsdóttir. Eva María Jónsdóttir tók þátt í fundinum rafrænt. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) **Fundur stóru málnefndar með ráðherra í maí**
   Fundur verður haldinn með Loga Einarssyni menningar- og háskólaráðherra með fullskipaðri málnefnd fimmtudaginn 15. maí kl. 15. Fundurinn verður haldinn í málstofu í Eddu.
2) **Ályktun um stöðu tungunnar 2025**
   Jóhannes B. Sigtryggsson hafði tekið saman drög að ályktun ársins og voru þau kynnt á fundinum. Góður rómur var gerður að drögunum og Jóhannesi falið að ganga að mestu frá þeim fyrir næsta fund stjórnar í apríl. Aðrir í stjórn munu senda honum athugasemdir.
3) **Málræktarþing í september**
   Málræktarþing verður haldið í Eddu fimmtudaginn 25. september. Eftirfarandi tillögur um erindi á málræktarþinginu voru nefndar:
   1. Regluverk um þjóðtungur: Samanburðarrannsókn greidd af málnefnd.
   2. Málneytendur: Fulltrúi Neytendastofu.
   3. Saga tveggja málnefnda: Fulltrúi táknmálsnefndar.
   4. Staða þýðinga í málregluverkinu: Fulltrúi þýðenda.
   5. Viðmið um málnotkun: Aðili úr miðlunar- og auglýsingageiranum.
4) **Önnur mál**
   Rætt var um möguleika á auknu samstarfi Íslenskrar málnefndar og Málnefndar um íslenskt táknmál.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 16.50.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.